

Náttúrustofa Austurlands  
Mýrargötu 10  
740 Neskaupstaður



Reykjavík 30. júní 2015  
UST201506-182/S.P.  
09.07.01

### Efni: Umsókn um leyfi - Silfurberg í Helgustaðanámu

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Náttúrustofu Austurlands, dagsett 22. júní 2015, þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að fjarlægja lausa silfurbergshnullunga úr Helgustaðanámu til varðveislu.

Helgustaðanáma var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 525/1975. Hvergi má raska þar bergmyndunum og stranglega er bannað að hrófla við silfurbergi og flytja það út af svæðinu. Þrátt fyrir framangreint er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðrum opinberum söfnum takmarkaða töku silfurbergssýna í námunni undir eftirliti.

Náttúrustofa Austurlands er stofnsett samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og reglugerð nr. 384/1994 um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað. Náttúrustofa Austurlands er ríkisstyrkt að hluta og er henni ætlað að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Starfsemi Náttúrustofu Austurlands fer þó að fullu fram á ábyrgð sveitarfélagsins.

Meðal hlutverka Náttúrustofu Austurlands er annast almennt eftirlit með náttúru landsins skv. 7. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, einkum á Austurlandi, stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál. Þá ber Náttúrustofu Austurlands einnig að veita Neskaupsstað og öðrum sveitarfélögum á Austurlandi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofnunarinnar sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 384/1994.

### Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt umsókn er gert ráð fyrir því að stærstu lausu silfurbergshnullungunum verði safnað saman til varðveislu þar til að tími og aðstæður séu þannig að hægt sé að hafa þá til sýnis á svæðinu. Fram að því verði silfurbergið geymt og til sýnis í Náttúrugripasafninu í Neskaupstað. Einungis er gert ráð fyrir því að safna stórum lausum steinum. Ekki verður farið í jarðrask eða gröft til að ná grjóti. Ástæða umsóknar Náttúrustofu Austurlands er sú að leysingar og framburður/smáskriður í Helgustaðanámu hafa síðast liðin ár borið fram með sér töluvert magn af nýju silfurbergi sem liggur laust og blasir við þeim sem heimsækja staðinn. Það hafa komið fram áhyggjur af því að silfurbergið muni hverfa þar sem engin virk landvarsla er á svæðinu. Fréttir um steinatöku á svæðinu hafa sífellt færst í aukana.

### Áhrifamat:

Helgustaðanáma var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra tíu svæða sem stofnunin telur hætt við að missi verndargildi sitt. Svæðið var enn á rauðum lista árið 2014 vegna mikils álags og þarfnast viðgerða. Svæðið er mikið sótt af íslenskum og erlendum ferðamönnum og er enn þörf á fræðslu á svæðinu. Farið verður í framkvæmdir síðar í sumar til þess að bæta aðgengi og öryggi á svæðinu.

Ljóst er að steinataka ferðamanna í Helgustaðanámu fer sífellt vaxandi og er því nauðsynlegt að bregðast við og koma í veg fyrir frekari steinatöku á svæðinu af hálfu ferðamanna.

Er það mat Umhverfisstofnunar að nauðsynlegt sé að koma lausum silfurbergshnullungum til varðveislu til bráðabirgða í þágu verndarsvæðisins.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti Náttúrustofu Austurlands að fjarlægja sýnilegt silfurberg úr Helgustaðanámu með eftirfarandi skilyrðum:

- Frávik frá ofangreindri verkefnalýsingu skal tilkynna til Umhverfisstofnunar.
- Leyfið gildir aðeins fyrir stærstu silfurbergshnullungana sem liggja lausir í Helgustaðanámu.
- Meðhöndla skal silfurbergið varlega og pakka hverju sýni, t.d. í dagblað.
- Æskilegt er að val á sýnum, sýnataka og skráning verði í höndum jarðfræðings með sérþekkingu í bergfræði eða steindafræði. Sé þess ekki kostur, er nauðsynlegt að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um það hvernig staðið verði að sýnatöku.
- Náttúrustofa Austurlands skal gera Umhverfisstofu grein fyrir magni, þ.e. fjölda og þyngd þeirra silfubergssteina sem fjarlægðir verða.
- Náttúrustofa Austurlands skal taka ljósmyndir fyrir og eftir silfurbergstökuna og afhenda Umhverfisstofnun, bæði af svæðinu og af því silfurbergi sem fjarlægt verður.
- Nauðsynlegt er að skrá nákvæmlega hvar sýnin eru tekin.
- Náttúrustofa Austurlands skal gera grein fyrir þeirri geymsluaðferð sem beitt verður.
- Náttúrustofa Austurlands skal koma silfurberginu aftur á sinn stað í Helgustaðanámu þegar búið er að bæta aðstæður og tryggja gæslu við Helgustaðanámu.
- Forðast skal allt rask á svæðinu.
- Leyfi til þess að fjarlægja lausa silfurbergssteina gildir frá 30. júní til 31. ágúst 2015.

Virðingarfyllt,



Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur



Svava Pétursdóttir  
Sérfræðingur